

Nd.

132. Frumvarp til laga

um vörugjald fyrir Akureyrarkaupstað.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar er heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi, samkv. 8. gr. l. nr. 62 3. nóv. 1915, um allt að 100%, enda gangi sú hækkun óskipt til greiðslu á byggingarkostnaði sjúkrahúss Akureyrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1944.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum 17. febr. s. l. samþykkt svofellða ályktun:

„Bæjarstjórn Akureyrar fer fram á, að hið háa Alþingi samþykki að heimila Akureyrarbæ að hækka vörugjald af aðfluttum og útfluttum vörum, allt að 100% frá því, sem nú er, enda gangi hækkunin óskipt til greiðslu á byggingarkostnaði sjúkrahúss Akureyrar.“

Fyrir skömmu var hafin bygging nýs spítala á Akureyri. Var byggt hús, sem á að verða hluti af framtíðarsjúkrahúsi á Akureyri. Nýr spítali, sem fullnægir kröfum tímans, kostar sennilega talsvert á aðra milljón króna, og þótt styrkur fái til hans úr ríkissjóði, eins og til annarra spítala, þá er ekki hægt að ætlast til, að lítill bær eins og Akureyri beri mestallan kostnað við sjúkrahús, sem sjúklingar sækja til úr öllum landsfjórðungum, en svo er nú um þennan spítala, og yrði þó enn meira, ef reist yrði nýtt sjúkrahús með nýtizku sniði.

Það hefur á undanförnum árum reynzt miklum erfiðleikum bundið að afla nægra tekna í sjóði flestra bæja hér á landi.

Að vísu hefur nokkuð raknað úr með þetta um stund í þeim bæjum, sem mikil útgerð er stunduð í. En þetta nær ekki til Akureyrar. Helztu tekjur bæjanna hafa verið útsvörin.

Mikill hluti útsvaranna hefur í flestum bæjum verið lagður á verzlun og iðnað bæjanna, sumpart sem tekju- og eignautsvör, sumpart sem rekstrarútsvör.

Á Akureyri er þetta ekki hægt, vegna þess að mikill hluti þessa rekstrar er rekinn af samvinnufélögum, er njóta sérréttinda um útsvarsgreiðslur. Þetta hefur orðið til þess, að annan verzlunar- og iðnrekstur hefur tæplega verið lagt eins mikið á eins og ella mundi. Niðurjöfnunarnefnd hefur t. d. ekki séð sér fært að leggja há rekstrarútsvör á nokkurn hluta verzlunar og iðnaðar, þegar meira en helmingur slíks rekstrar í bænum ber engin rekstrarútsvör.

Þegar þess er gætt, að hér er annars vegar að ræða um brýna þörf á nýtizku sjúkrahúsi, ekki aðeins fyrir Akureyrarbæ, heldur og fyrir nálægar sveitir, jafnvel fjórðung landsins og vel það, en hins vegar eru fjáröflunarleiðir bæjarsjóðs fáar og tekjurýrar, þá virðist sú ósk bæjarstjórnarinnar um heimild til vörugjaldshækkunar í þessu augnamiði vera sanngjörn og á fyllstu rökum reist.

Vörugjaldshækkun sú, sem hér er farið fram á, svarar til rekstrarútsvara á verzlunir í bænum, og væri því eðlilegt, að hún rynni beint í bæjarsjóð.

Vörugjaldsaukning þessi er svo lítil, að hennar gætir ekki í vöruverði, nema á einstaka vörutegund, en því hefur verið haldið fram, að með henni sé verið að skaltleggja sveitirnar, sem verzla við Akureyri, og með tilliti til þess fer bæjarstjórnin fram á, að féð renni til byggingar spítalans, sem er stofnun, er sveitirnar nota mjög mikið, en Akureyrarbær verður að standa straum af.

Árið 1940, en það er síðasta árið, sem reikningar liggja fyrir um, námu vörugjöld á Akureyri samtals kr. 54237.91. Gjöldin miðast við þunga, en ekki verð, svo að búast má við, að þau verði svipuð næstu ár eins og 1940.

Spítalamál Akureyrar er ekkert kappsmál eða hagsmunamál einstakra manna eða stétta, heldur standa allir bæjarbúar að því, hverjum flokki sem nefnast, og líta nú á það sem hið allra brýnasta úrlausnarefni bæjarfélagsins.